



## ÁRSKÓGSVIRKJUN Í ÞORVALDSDAL Í DALVÍKURBYGGÐ

Deiliskipulag

**TILLAGA**

**22.12.2025**



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann

\_\_\_\_\_

f.h. Dalvíkurbyggðar

\_\_\_\_\_

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

#### **UPPLÝSINGAR**

##### **SKJALALYKILL**

104233-05-DSK-V07-Árskógvirkjun

##### **HÖFUNDUR**

ÍS/MMR

##### **RÝNT**

ÁSS/IS

## EFNISYFIRLIT

|          |                                           |           |
|----------|-------------------------------------------|-----------|
| <b>1</b> | <b>INNGANGUR</b>                          | <b>5</b>  |
| 1.1      | Markmið                                   | 5         |
| 1.2      | Leyfi                                     | 5         |
| 1.3      | Skipulagsgögn                             | 6         |
| <b>2</b> | <b>FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR</b>            | <b>7</b>  |
| 2.1      | Skipulagssvæðið                           | 7         |
| 2.2      | Náttúrufar                                | 7         |
| <b>3</b> | <b>TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR</b>           | <b>8</b>  |
| 3.1      | Landsskipulagsstefna 2024 – 2038          | 8         |
| 3.2      | Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 – 2024    | 8         |
| 3.3      | Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020    | 9         |
| 3.4      | Breyting á aðalskipulagi                  | 9         |
| 3.5      | Vatnaáætlun Íslands 2022-2027             | 10        |
| 3.6      | Vatnalíf                                  | 11        |
| 3.7      | Fornleifar                                | 11        |
| 3.8      | Verndarsvæði                              | 12        |
| 3.9      | Náttúruvá                                 | 13        |
| 3.10     | Rafstrengir                               | 13        |
| <b>4</b> | <b>DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR</b>            | <b>14</b> |
| 4.1      | Lóðir og byggingarheimildir               | 14        |
| 4.2      | Vegir og bílastæði                        | 14        |
| 4.3      | Veitur                                    | 15        |
| 4.4      | Efnistökusvæði                            | 15        |
| <b>5</b> | <b>ALMENNIR SKILMÁLAR</b>                 | <b>17</b> |
| 5.1      | Hönnun og uppdrættir                      | 17        |
| 5.2      | Frágangur og umgengni                     | 17        |
| 5.3      | Brunavarnir                               | 17        |
| 5.4      | Skilti og lýsing                          | 17        |
| <b>6</b> | <b>UMHVERFISMATSSKÝRSLA</b>               | <b>18</b> |
| 6.1      | Valkostir                                 | 18        |
| 6.2      | Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið | 18        |
| 6.3      | Umhverfismat                              | 20        |
| 6.4      | Niðurstaða                                | 21        |
| <b>7</b> | <b>SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ</b>  | <b>22</b> |
| 7.1      | Skipulagsferlið                           | 22        |
|          | <b>VIÐAUKI 1 - FORNLEIFASKRÁNING</b>      | <b>23</b> |



## 1 INNGANGUR

Sett er fram nýtt deiliskipulag vegna Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal þar sem Árskógsvirkjun ehf. hyggst reisa allt að 5,0 MW vatnsaflsvirkjun með 118 m fallhæð. Virkjunin verður tengd dreifikerfi Rarik í spennistöð við Stærri-Árskóg, um 400 m langan jarðstreng. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 3.800 m langrar aðrennslispípu. Áætluð efnispörf er 150.000 m<sup>3</sup>.

Samhliða nýju deiliskipulagi er breyting gerð á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þar sem skilgreint er nýtt iðnaðarsvæði og ný efnistökusvæði auk þess sem vegtenging er skilgreind að stíflusvæði.

Virkjunin er tilkynningarskyld (B-flokkur) til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. tl. 3.15 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021, þar sem um er að ræða vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira. Framkvæmdaraðili hefur þó ákveðið að meta umhverfisáhrif að fullu og hefur tilkynnt Skipulagsstofnun um þá málsmeðferð í samræmi við 3. mgr. 19. gr. sömu laga og hafið umhverfismatsferli. Er það einkum vegna friðlýstra fornminja í Þorvaldsdal nærri framkvæmdasvæðinu og vegna hugsanlegra áhrifa á vatnalíf og votlendi.

### 1.1 Markmið

Markmið deiliskipulags er að útfæra nánar stefnu og ákvæði fyrir Árskógsvirkjun svo framkvæmdin og rekstur virkjunarinnar valdi eins lítilli röskun á umhverfinu og kostur er, bæði til lengri og skemmri tíma. Settir verða skilmálar um umfang mannvirkja, vegagerð, fyrirkomulag veitna, efnistöku og frágang á svæðinu.

### 1.2 Leyfi

Framkvæmdir innan deiliskipulagssvæðisins vegna Árskógsvirkjunar eru háðar eftirfarandi leyfum:

- Umhverfis- og Orkustofnun veitir leyfi til að reisa og reka ný raforkuver (virkjunarleyfi) skv. 4., 5. og 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br.
- Sveitarfélög veita framkvæmdaleyfi fyrir öllum meiri háttar framkvæmdum innan þeirra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Byggingarfulltrúar veita byggingarleyfi skv. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir tímabundna vinnuaðstöðu skv. nr. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Fiskistofa veitir leyfi til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Ef raska þarf fornleifum þarf samþykki Minjastofnunar Íslands samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

- Vegna breytingar á aðalskipulagi þarf að sækja um leyfi til að taka land úr landbúnaðarnotum samkvæmt 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.
- Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann. Leyfi þarf frá Landsneti ef framkæma þarf innan helgunarsvæðis raflína.

Framkvæmdirnar eru einnig háðar ýmsum leyfum er snúa að verktökum, svo sem vegna aðbúnaðar á vinnustöðum, sprengivinnu og fleiru eftir því sem við á.

### **1.3 Skipulagsgögn**

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni frá Náttúrufræðistofnun og landeignaskrá Húsnaðis og mannvirkjastofnunar. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000 og 1:3000.
- Yfirlitsmynd í mkv. 1:10.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum ásamt umhverfismatsskýrslu.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

### 2.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er í Þorvaldsdal sem liggur suður/norður við vestanverðan Eyjafjörð sunnan Árskógssands, um 10 km sunnan Dalvíkur. Þorvaldsdalur allur er um 18 km langur og nær suður að Hörgárdal, en framkvæmdasvæðið er nálægt mynni dalsins að norðanverðu og nyrsti hluti pípunnar og stöðvarhúsið eru á tiltölulega flötu landi fyrir utan dalsmynnið. Innan skipulagssvæðisins verður efnistökusvæði, lón, stíflustæði, pípuleið og stöðvarhús. Aðkoma að virkuninni er frá vegi nr. 8129 þar sem beygt er inn á malarslóða við spennistöð Rarik og liggur sá malarslóði upp Þorvaldsdalinn vel inn fyrir fyrirhugað stíflustæði. Fyrirhugað er að styrkja þennan slóða til að hann geti borið þá umferð sem þörf er á vegna uppbyggingar virkjunarinnar.

Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði L1 í gildandi aðalskipulagi en er að mestu leyti óráktanlegt og hefur ekki kosti beitilands eins og gert er ráð fyrir í landnotkunarflokknum.

### 2.2 Náttúrufar

Þorvaldsdalur er mótaður af ísaldarjöklum og þar má sjá fjölbreytt landform s.s. berghlaup, framhlaupsurðir, aurkeilur, jökulgarða, jökulurðir o.fl. Dalurinn er lítt raskaður og vel gróinn og er innan svæðis á náttúruminjaskrá sem nefnist Fjalllendið á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (nr. 423/501), og er á skrá (C-hluta) aðallega vegna landslags og landforma. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vistgerðir á svæðinu sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 en með allmikla útbreiðslu á landsvísu. Vistgerðir á svæðinu eru s.s. runnamýrarvist og starungsmýrarvist sem hafa mjög hátt verndargildi, língresis- og vingulsvist, grasmóavist og snarrótarvist sem hafa hátt verndargildi. Hafa skal í huga nákvæmni vistgerðakorta, sem miðast við kvarða í 1:25.000 eða minni. Í votlendi í landi Kleifa í Þorvaldsdal er plöntutegundin heiðastör (*Carex heleonastes*) sem er friðuð samkvæmt auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna (nr. 1385/2021).



Mynd 1. Staðsetning skipulagssvæðis í Þorvaldsdal, Dalvíkurbyggð. ©Esri, Maxar, Earthstar Geographics



### 3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áherslna í eftirfarandi áætlunum og stefnumiðum:

#### 3.1 Landsskipulagsstefna 2024 – 2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Stuðst verður við eftirfarandi áherslur úr landsskipulagsstefnu:

Áhersla A.6: Skipulagsgerð vegna orkunýtingar gæti að náttúruvernd.

Framfylgd við skipulagsgerð:

2. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.
3. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni.

Áhersla B.5: Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja öryggi.

Framfylgd við skipulagsgerð:

8. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

Deiliskipulagið verður unnið í samræmi við landsskipulagsstefnu. Hugað verður að því að halda raski í lágmarki eins og kostur er. Einnig verður áhersla lögð á að svæðið verði látið gróa aftur upp með staðargróðri og lagað að aðliggjandi landi eins og kostur gefst.

#### 3.2 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 – 2024

Í gildi er Svæðisskipulag Eyjafjarðar sem nær til 7 sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í svæðisskipulaginu er sett fram stefna um flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu, virkjun af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir er því ekki viðfangsefni svæðisskipulagsins. Það er þó stefna svæðisskipulagsins að „...stuðlað skal að uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í Eyjafirði“.



### 3.3 Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 er enn í gildi en vinna er hafin við endurskoðun aðalskipulagsins. Í gildandi aðalskipulagi er Þorvaldsdalur skilgreindur á eftirfarandi hátt<sup>1</sup>:

#### Landbúnaðarland L1

- Í greinargerð aðalskipulagsins eru landbúnaðarsvæði skilgreind á eftirfarandi hátt:
  - „Landbúnaðarlandi er skipt í tvo flokka. Annars vegar er mestallt land neðan 300 m hæðarlínu, merkt L1. Afmörkunin þess byggist ekki á greiningu á landnotkun eða staðháttum heldur er um að ræða einfalda viðmiðun. Hins vegar eru svæði, sem afmörkuð eru í grófum dráttum utan um það land sem að öllum líkindum getur talist gott landbúnaðarland sem hentar vel til búvöruframleiðslu (L2).“

#### Minjasvæði

- Tvær tóftaþyrpingar hafa verið friðlýstar í dalnum, Þórhallakot og Hávarðarstaðir. Jafnframt eru fleiri minjar í dalnum.

#### Hverfisverndað svæði (819-Hv), einkum vegna þriggja atriða:

- Brattavallahólar, berghlaupshrúgald í fjallshlíðinni í vestanverðum í dalnum.
- Hrafnagilshraun og Kúgilsvatn, berghlaupsdyngja um miðjan dalinn.
- Kotahólar, allvíðlent hólasykki í mynni Þorvaldsdals að austanverðu.
- Um hverfisvernduð svæði segir:
  - „Taka skal sérstakt tillit til þess sem vernda á á hverju svæði áður en leyfi er gefið fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða varanlega breytingu á svæðinu þannig að tryggt verði að verndarmarkmið náist. Á hverfisverndarsvæðum verða hefðbundnar landnytjar áfram heimilar svo og gerð, viðhald og endurbætur nauðsynlegra mannvirkja vegna nýtingar landsins“

Í aðalskipulaginu frá 2009 er ekki að finna stefnu sveitarfélagsins í orkumálum, orkuöryggi eða nýtingu vatnsafls. Ekki er gert ráð fyrir Árskógsvirkjun í gildandi aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar og því er breyting á aðalskipulaginu unnin samhliða nýju deiliskipulagi.


### 3.4 Breyting á aðalskipulagi

Samhliða deiliskipulagi er gerð breyting á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð aðalskipulags þar sem gerð verður grein fyrir fyrirhugaðri virkjun ásamt efnistökusvæðum.

---

<sup>1</sup> Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

- Afmarkað er nýtt iðnaðarsvæði á sveitarfélagsupprátt sem nær utan um öll tækniðmannvirki Árskógsvirkjunar og skipulagsákvæði um virkjunina færð inn í greinargerð.
- Afmörkuð eru ný efnistökusvæði á sveitarfélagsupprátt og skipulagsákvæði efnistökusvæðanna færð inn í greinargerð.



### 3.5 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Árskógssandur nr. 102-131-G. Núverandi ástand grunnvatnshlotsins er sú að magnstaða og efnafræðilegt ástand er óþekkt en umhverfismarkmið

grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Þorvaldsdalsá er með vatnshlotanúmerið 102-1806-R frá sjó og upp að bænum Brattavöllum. Þaðan og upp ána inn að Hrafnagilsá hefur Þorvaldsdalsá vatnshlotanúmerið 102-1765-R. Samkvæmt upplýsingum úr vatnavefsíja er vistfræðilegt ástand þessara árkafla mjög gott og efnafræðilegt ástand gott.

### 3.6 Vatnalíf

Þorvaldsdalsá er fiskgeng rúma 2 km frá sjó upp að fossi rétt neðan við Ólafsfjarðarveg. Bleikja er svo til allsráðandi fiskitegund í Þorvaldsdalsá, sjógengin bleikja fyrir neðan foss og staðbundin bleikja fyrir ofan foss. Þorvaldsdalsá er dragá með lítil lindaráhrif svo rennsli árinna er mjög breytilegt milli árstíða og margfaldast yfir sumarið þegar köld snjóbráð kemur niður úr fjöllum beggja vegna dalsins.

### 3.7 Fornleifar


Fornleifar hafa verið skráðar á skipulagssvæðinu frá Þorvaldsdalsá, skammt sunnan Vaðhóls í norðri og um 5 km inn með dalnum, suður fyrir bæjarstæði Grundar. Skráningin var framkvæmd af Byggðasafni Skagfirðinga sumarið 2024 og er aðgengileg í viðauka 1. Minjar eru víða innan svæðisins og geta verið í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þær verða teknar til ítarlegrar umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum, þar sem einnig verður fjallað um mótvægisáðgerðir.

Tvær tóftaþyrpingar hafa verið friðlýstar í dalnum, Þórhallakot og Hávarðarstaðir. Hönnun stíflumannvirkja og pípu hefur verið færð út fyrir bæjarstæði Hávarðarstaða í samráði við Minjastofnun Íslands, en samráð verður áfram haft við stofnunina á öllum stigum skipulagsvinnunnar.

Nýr vegur verður lagður utan við bæjarstæði Hávarðarstaða og núverandi vegur, sem liggur í gegnum stæðið, aflagður í samráði við sveitarfélagið. Þetta er mikilvægt fyrir verndun svæðisins, þar sem núverandi umferð og bílastæði á bæjarhólnum hafa neikvæð áhrif á ástand og verndargildi minjanna.

Í samræmi við umsögn Minjastofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar dags. 8.12.2025, er gert ráð fyrir að pípa og vegur verði grafin í gegnum garðlögin við Hávarðastaði að undangenginni fornleifarannsókn á þeim, sjá mynd nr. 3. Með því er dregið úr sjónrænum áhrifum á bæjarstæðin að Hávarðastöðum.





Mynd 3. Nýr vegur og pípa þvera garðlög milli Hávarðarstaða syðri og nyrðri. Gert er ráð fyrir að grafa pípu og veg í gegnum garðana í samráði við Minjastofnun Íslands. Mynd: Byggyasafn Skagfirðinga.

Við Þórhallakot verður ekki farið um friðlýstar minjar. Upphaflega lá pípuleið innan 100 m helgunarsvæðis en hefur nú verið færð austar, nær núverandi vegi á malarási, í samræmi við athugasemdir Minjastofnunar. Pípuleiðin hefur einnig verið færð 15 m frá tóft 3247-28 sem mótvægisáðgerð. Í kjölfar fornleifakönnunar sumarið 2024 var pípuleiðin endurskoðuð og færð alfarið út fyrir friðlýst svæði Þórhallakots. Engar minjar þar verða fyrir raski.

Skoða skal í samráði við minjavörð Norðurlands hvaða minjar sé þörf á að merkja, eða girða af, sem taldar eru í hættu vegna framkvæmdar til að koma í veg fyrir skemmdir á framkvæmdartíma.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

### 3.8 Verndarsvæði

Skipulagssvæðið er undir hverfisvernd. Fjöldi merkra náttúruminja er í Þorvaldsdal og fyrir utan mynni hans og er eðlilegt að líta á þær sem eitt verndarsvæði. Í dalnum er að finna fjölbreytt og sérkennilega fagurt landslag, sem mótast mjög af miklum berghlaupum, er stíflað hafa dalinn á nokkrum stöðum svo myndast hafa stöðuvötn, sem síðar hafa fyllst upp og mynda grundir og votlendi. Sum þessara berghlaupa eru tiltölulega ung og eitt þeirra aðeins fárra áratuga gamalt. Ekki er vitað um neinar hliðstæður þess í Eyjafirði og raunar ekki á Norðurlandi. Gróður er víða mikill og fagur í dalnum en hefur líklega hrakað nokkuð síðustu árin vegna mikillar beitar.

Ákvæði hverfisverndar er að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

### **3.9 Náttúruvá**

Náttúruvá í sveitarfélaginu er þekkt og er þá helst vegna jarðskjálfta og ofanflóða s.s. vegna skriða, grjóthruns og snjóflóða sem falla í bröttum hlíðum. Snarpir jarðskjálftar geta orðið á skipulagssvæðinu, ofviðri og flóð. Ekki eru afmörkuð hættusvæði vegna náttúruvár í aðalskipulagi.

### **3.10 Rafstrengir**

Innan skipulagssvæðisins er Dalvíkurlína 1, rafstrengir Raríks og ljósleiðari Mílu. Dalvíkurlína er 66 kV háspennulína á vegum Landsnets og er helgunarsvæði hennar 25m og er sýnt á uppdrætti. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann og er óheimilt að reisa þar mannvirki og skógrækt er takmörkum háð. Engar framkvæmdir eru heimilaðar innan helgunarsvæðis Dalvíkurlínu nema í samráði við Landsnet.

Rafmagn frá virkjun verður tengt inn á spennistöð RARIK í um 400 m fjarlægð frá stöðvarhúsi og verður nánari útfærsla unnin í samráði við RARIK.

## 4 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Nýtt deiliskipulag tekur yfir um 58 ha svæði sem liggur um 5 km upp með dalnum austan við Þorvaldsdalsá frá Valholti að Grund. Deiliskipulagið tekur til þeirra framkvæmda sem bygging vatnsaflsvirkjunar gerir ráð fyrir s.s. stíflu, aðrennslispípu, stöðvarhús, þjónustuvegi og efnistökusvæði. Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum áætlunarinnar og mótvægisáðgerðum vegna framkvæmdarinnar.

Lóðir eru afmarkaðar og byggingarreitir innan þeirra auk þess sem sýnd er möguleg staðsetning stöðvarhúss og stíflu innan byggingarreita og einnig bílastæði. Sýnd er staðsetning efnistökusvæða, lagnaleiðir og skurðir.

### 4.1 Lóðir og byggingarheimildir

Lóðarmörk og stærð lóða eru sýnd á skipulagsuppdraetti. Afmarkaðar eru tvær nýjar lóðir á skipulagssvæðinu sem fá heitið Árskógsvirkjun lóð 1 og Árskógsvirkjun lóð 2. Upplýsingar á deiliskipulagsuppdraetti eru til viðmiðunar, nánari upplýsingar um lóðarmörk, málsetningu lóða og lóðarstærðir eru á merkjalýsingu. Ef misræmi er gildir merkjalýsing.

Leitast skal við að staðsetja byggingar, vegi og bílastæði út frá fornminjum á svæðinu til þess að lágmarka rask á svæðinu. Uppbyggingu skal miða við náttúrulegt yfirbragð og fella skal byggingar sem best að landi. Halda skal svarðlagi til haga og nýta við frágang svæðisins að framkvæmdum loknum.

**Árskógsvirkjun lóð 1** – Stærð lóðar er 5 ha. Innan lóðar er hluti lónsins, stíflustæði og inntaksmannvirki.

**Byggingarreitur B1 - Stífla og inntakslón** - Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 60 m<sup>2</sup> lokahús auk inntakspróar og yfirfalls. Hámarkshæð stíflu er um 14 m.

Stíflan liggur þvert yfir farveg Þorvaldsdalsár rétt neðan við bæjarstæði Grundar og myndar um 25 ha inntakslón. Stíflan er allt að 14 m há og 450 m löng jarðvegsstífla, með inntaki og botnrás í farvegi Þorvaldsdalsár og yfirfalli við enda inntaksmannvirkja. Steyptur hluti stíflunnar er um 30 m að lengd og jarðvegshluti um 420 m. Yfirfallið er um 10 m hátt og jarðvegshluti stíflunnar allt að 4 m hærri. Stærð yfirfalls miðast við að eðlileg vorflóð valdi ekki rekstrartruflunum og að hamfaraflóð valdi ekki verulegum skemmdum á stíflu eða umhverfi.

**Árskógsvirkjun lóð 2** – Stærð lóðar er 1 ha. Innan lóðar er stöðvarhús og frárennslisskurður.

**Byggingarreitur B2 – Stöðvarhús og frárennslisskurður.** Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 200 m<sup>2</sup> stöðvarhús á 1-2 hæðum og er hámarkshæð 7,0 m. Við hönnun byggingar verður hugað að vandaðri útfærslu á efnisvali, litum og formi mannvirkis. Neðan við stöðvarhúsið verður grafinn frárennslisskurður sem liggur að Þorvaldsdalsá, u.þ.b 100 m langur.

### 4.2 Vegir og bílastæði

Aðkoma að virkjuninni er frá vegi nr. 8129 þar sem beygt er inn á malarslóða við spennistöð Rarik og liggur sá malarslóði upp Þorvaldsdalinn. Fyrirhugað er að styrkja þennan slóða til að hann geti borið þá umferð sem þörf er á vegna uppbyggingar virkjunarinnar. Vegurinn verður færður nær árbakkanum

þar sem hann liggur að stíflunni, vegna fornminja á svæðinu. Einnig verður vegurinn færður nær lóninu. Að lokinni framkvæmd verður umferð um svæðið óveruleg og mun vegurinn nýttast áfram sem útivistarstígur fyrir almenning.

Bílastæði eru sýnd til skýringar innan lóða. Lega vega og bílastæða getur breyst lítillega við nánari hönnun og krefst slíkt ekki breytinga á deiliskipulagi. Burðarþol aðkomuvega þarf að vera a.m.k. 32 tonn til að slökkvibílar og önnur stærri farartæki komist að og frá svæðinu.

Unnið verður samgöngumat fyrir svæðið þar sem kemur fram sú aukning umferðar sem verður á svæðinu og verður gerð grein fyrir því hvernig komið verður til móts við þá umferðaraukningu. Sótt verður um leyfi til Vegagerðarinnar vegna tengingar við Stærri-Árskógskirkjuveg vegna breytingar á notkun vegarins.

### 4.3 Veitur

#### Fráveita

Staðsetning hreinsivirkis er sýnd á uppdrætti til leiðbeiningar en endanleg staðsetning verður ákvörðuð á hönnunarstigi. Tryggja skal gott aðgengi að hreinsivirki til tæmingar. Gerð og staðsetning skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

#### Neysluvatn

Neysluvatn fyrir stöðvarhús er tekið úr þrýstipípu.

#### Rafmagn

Virkjunin tengist dreifikerfi Rarik um 400 m langan jarðstreng að spennistöð í landi Stærri-Árskógs. Aflstrengur verður lagður með þrýstipípu frá stöðvarhúsi að inntaki.

### 4.4 Efnistökusvæði

Efnistaka fer fram á 5 stöðum innan skipulagssvæðisins en gert er ráð fyrir að heildarefnispörf framkvæmdarinnar sé um 150.000 m<sup>3</sup>, umfram það efni sem fæst úr skurðum og skeringum. Efni verður tekið úr þremur nýjum efnistökusvæðum á framkvæmdarsvæðinu merkt 835-N, 836-N og 837-N í aðalskipulagi, auk efnistöku úr eldri námu við stöðvarhús merkt 814-N og við gerð lóns hjá stíflunni. Staðsetning efnistökusvæða kemur fram á deiliskipulagsuppdrætti.

Tafla 1. Efnistökusvæði og magn.

| EFNISTÖKUSVÆÐI SKV. AÐALSKIPULAGI | RÚMMÁL – ÞÚS. M <sup>3</sup> |
|-----------------------------------|------------------------------|
| 814-N                             | 15                           |
| 837-N                             | 15                           |
| 836-N                             | 10                           |
| 835-N                             | 15                           |
| Í lónsstæði                       | 95                           |



| EFNISTÖKUSVÆÐI SKV. AÐALSKIPULAGI | RÚMMÁL – ÞÚS. M <sup>3</sup> |
|-----------------------------------|------------------------------|
| Samtals                           | 150                          |

Gengið verður frá vinnslusvæði jafnóðum og efnistöku er lokið á viðkomandi svæði. Við útgáfu starfsleyfis verði ákvæði um sérstaka viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunarslysa t.d. varðandi tímabundna staðsetningu olíu eða annarra spilliefna, en slík efni verða látin standa á vökvaheldu undirlagi.

Frágangi efnistökusvæðis eftir vinnslu skal þannig háttað að því svæði sem hefur verið raskað skal gert að falla aftur að nærumhverfi sínu og að það líkist sem mest landformum í nærumhverfinu. Landmótun og viðeigandi uppgræðsla skal fara fram að vinnslu lokinni. Halda skal svarðlagi til haga og nýta við frágang svæðisins. Vinna skal samkvæmt landmótunaráætlun og bent er á vefsíðuna [www.namur.is](http://www.namur.is) varðandi vinnslu og frágang svæðis.

## 5 ALMENNIR SKILMÁLAR

### 5.1 Hönnun og uppdrættir

Byggingarreitir eru sýndir á deiliskipulagsuppdrætti og skulu allir meginhlutar húss standa innan byggingarreits. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni. Mæliblöð sýna lóðamörk, stærð lóða, byggingarreiti, innkeyrslu inn á lóðir og kvaðir ef einhverjar eru.

### 5.2 Frágangur og umgengni

Öllu jarðraski skal haldið í lágmarki við uppbyggingu á svæðinu. Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Halda skal landi sem snyrtilegustu svo engin hætta stafi af búnaði eða munum innan þess né sé öðrum til ama.

### 5.3 Brunavarnir

Lóðir eru innan starfsvæðis slökkviliðs Dalvíkurbyggðar og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Gott aðgengi skal vera fyrir slökkvibíla að yfirborðsvatni.

### 5.4 Skilti og lýsing

Merkingar bygginga skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir og skal gera grein fyrir hvar og hvernig þeim er háttað á viðkomandi byggingu eða byggingarreit. Gert er ráð fyrir að sett verði upp leiðbeinandi skilti vegna öryggismála.

Leitast skal við að hafa lýsingu lágstemmda og ljósi beint niður til að lýsing þjóni sem best tilgangi sínum og til að draga úr ljósmengun.

## 6 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Deiliskipulagstillaga er í samræmi við stefnu í breyttu aðalskipulagi. Því er núverandi ástand borið saman við heimildir til uppbyggingar skv. aðalskipulagi. Stefna deiliskipulagsins er metin út frá umhverfisþáttum í töflu 2.

Umhverfismat verður unnið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en skv. þeim lögum fellur framkvæmdin undir tl. 3.15 í 1. viðauka, þar sem um er að ræða vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira.

### 6.1 Valkostir

Metnir eru tveir valkostir um útfærslu í deiliskipulagi:

Tafla 2. Lýsing á valkostum.

| VALKOSTUR                   | LÝSING Á VALKOSTI                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|-----------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Núllkostur – engin virkjun. | Núllkostur felur í sér að núverandi ástand haldist óbreytt þ.e.a.s. að Árskógsvirkjun verður ekki byggð og engin efnistaka verður á svæðinu.                                                                                                                                                                                                                                      |
| Valinn kostur               | 5,0 MW vatnsaflsvirkjun með 118 m fallhæð í Þorvaldsdal sem tengd verður dreifikerfi Rarik en virkjunin mun tengjast spennistöð Rarik við Stærri-Árskóg um 400 m langan jarðstreng. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 3.800 m langrar aðrennslispípu. Áætluð efnisþörf er 150.000 m³ úr fyrirhuguðum efnistökusvæðum á framkvæmdasvæðinu. |

### 6.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Við gerð deiliskipulags eru skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem eru í töflu hér að aftan. Þetta eru þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af uppbyggingu virkjanasvæðisins. Umhverfisþættir eru metnir í samræmi við stefnu ríkis og sveitarfélags.

Tafla 3. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

| UMHVERFISÞÁTTUR                                                                                                                                                                   | UMHVERFISVIÐMIÐ                                                                                                                      | MATSSPURNINGAR                                                                                                                                             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Land og landslag:</b><br><i>Landslag.</i><br><i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i><br><i>Jarðminjar.</i><br><i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i><br><i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> | Landsskipulagsstefna 2024-2038<br>• Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. | Hefur áætlunin áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins?<br>Hefur áætlunin áhrif á jarðminjar?<br>Hefur áætlunin áhrif á ásýnd svæðis? |
| <b>Gróður, vatnalíf og dýralíf:</b><br><i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i><br><i>Búsvæði dýra.</i><br><i>Vatnafar</i>                                                                | Landsskipulagsstefna 2024-2038<br>• Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun                                 | Hefur áætlunin áhrif á gróður, bakkagróður og vistkerfi?<br>Hefur áætlunin áhrif á búsvæði dýra?<br>Hefur áætlunin áhrif á veiði og vatnalíf?              |

| UMHVERFISÞÁTTUR                                                                                                                       | UMHVERFISVIÐMIÐ                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | MATSSPURNINGAR                                                                                                                             |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                                                                       | <p>verði lögð til grundvallar skipulags-ákvörðunum.</p> <p>Vatnaáætlun Íslands 2022-2027</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hafa verður í huga að vernda þarf allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvant) og vistkerfi þess.</li> </ul> <p>Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.</li> </ul> | Hefur áætlunin áhrif á vatnafar og vatnshlot?                                                                                              |
| <p><b>Samfélag:</b></p> <p>Atvinnulíf</p> <p>Samfélagsleg áhrif</p> <p>Útivistarmöguleikar</p>                                        | <p>Landsskipulagsstefna 2024-2038</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu.</li> </ul> <p>Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sérstök áhersla skal lögð á að gera útivistarsvæði sveitarfélagsins aðgengileg og eftirsótt.</li> </ul>                                                                                                                    | <p>Hefur áætlunin áhrif á atvinnulíf?</p> <p>Hefur áætlunin áhrif á landbúnaðarland?</p> <p>Hefur áætlunin áhrif á útivistarmöguleika?</p> |
| <p><b>Náttúru- og menningarminjar:</b></p> <p>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá.</p> <p>Hverfisvernd.</p> <p>Fornminjar.</p> | <p>Fornleifaskráning fyrir Þorvaldsdal</p> <p>Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og tekið tillit til söguminja við nýtingu lands og landgæða.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | <p>Hefur áætlunin áhrif á fornminjar?</p> <p>Hefur áætlunin áhrif á friðlýstar minjar?</p> <p>Hefur áætlunin áhrif á verndarsvæði?</p>     |

### 6.3 Umhverfismat

#### Gildandi skipulag (núll-kostur):

**Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.** Engar framkvæmdir fara fram og núverandi landnotkun helst óbreytt. Engin röskun á landslagi eða ásynd svæðisins.

**Áhrif á gróður, vatnalíf og dýralíf eru metin óveruleg.** Landbúnaðarstarfsemi heldur áfram með svipuðum hætti og áður. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi á vistkerfi, og engin ný mannvirki eða rask sem gæti haft áhrif á lífríki.

**Áhrif á samfélag eru metin óveruleg.** Engar breytingar verða á aðgengi, atvinnu eða nýtingu deiliskipulagssvæðisins í Þorvaldsdal. Svæðið verður áfram í hefðbundinni notkun og útivistarmöguleikar verða áfram þeir sömu. Svæðið verður reglulega fyrir rafmagnsleysi og truflunum sökum veiks raforkukerfis. Óbreytt staða hefur því bæði jákvæð og neikvæð áhrif á samfélagið.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin jákvæð.** Þar sem engin framkvæmd fer fram eru engin áhrif á friðlýstar minjar eða menningarlandslag. Svæðið helst óbreytt.

#### Deiliskipulagsbreyting:

**Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.** Tilkoma stíflu, lóns, vega og mannvirkja mun hafa áhrif á ásynd svæðisins. Þó er ekki gert ráð fyrir að byggingar framkvæmdarinnar valdi verulegum sjónrænum áhrifum, þar sem hönnun þeirra verður unnin með það að markmiði að falla sem best að landslagi. Stífla og lón sjást auk þess ekki úr byggð eða frá vegum, og sjást ekki fyrr en í návígi sökum hóla sem skyggja á mannvirkið. Hámarkshæð stöðvarhúss verður um 7 metrar, en með vandaðri útfærslu á efnisvali, litum og formi mannvirkja verður leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum og tryggja að ásynd svæðisins raskist sem minnst. Stöðvarhúsið er niðri í byggð þar sem sambærileg mannvirki eru allt í kring. Lónið mun líta út sem náttúrulegt stöðuvatn og falla vel að umhverfinu, sem dregur enn frekar úr sjónrænum áhrifum. Í Þorvaldsdal er þegar til manngert lón sem hefur verið hluti af landslaginu um langt skeið.

**Áhrif á gróður, vatnalíf og dýralíf eru metin óveruleg og neikvæð.**

Gróður kemur til með að raskast við uppbyggingu mannvirkja, vega og veitna. Vistgerðir á svæðinu hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 en með allmikla útbreiðslu á landsvísu. Neikvæðu áhrifin eru þó nánast eingöngu á votlendi í lónsstæði þar sem um er að ræða lítið svæði sem mun raskast við stíflu og lón.

Árskógsvirkjun mun ekki hindra eða hafa áhrif á göngu fiska úr sjó þar sem stöðvarhúsið verður fyrir ofan ófiskgenga fossinn við Ólafsfjarðarveg. Áhrif á vatnafar mun hins vegar breytast og teljast neikvæð, einkum milli stíflu og stöðvarhúss þar sem rennsli skerðist verulega, og allnokkuð lón mun myndast ofan stíflu þar sem áður var rennandi vatn. Miðlun mun jafnframt hafa áhrif niður allan farveginn.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.** Uppbygging á svæðinu eykur líkur á fjölgun starfa í sveitarfélaginu og með styrkingu vegar að stíflu batnar aðgengi almennings að svæðinu sem nýtist til útivistar. Raforka



frá virkjuninni mun nýtast á svæði þar sem reglulega er rafmagnsleysi og truflanir sökum veiks raforkukerfis og mun virkjunin því auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin neikvæð.** Innan skipulagssvæðisins er að finna fornminjar og svæðið nýtur hverfisverndar. Við hönnun stíflumannvirkja og pípuleiða hefur verið tekið tillit til þessara minja og framkvæmdaráformum verið breytt til að lágmarka áhrif.

Í samræmi við umsögn Minjastofnunar voru stífla og lón færð innar í Þorvaldsdal, og pípa og vegur færð út fyrir bæjarstaði Hávarðarstaða. Pípa og vegur verða lögð í gegnum garða 3247-30 að undangenginni fornleifarannsókn.

Nýr vegur við Hávarðarstaði og aflagning eldri vegar mun draga úr álagi á svæðið og styrkja verndun þess. Pípuleiðin hefur einnig verið færð alfarið út fyrir friðlýst svæði Þórhallakots og engar minjar þar verða fyrir raski.

Þrátt fyrir þessar mótvægisáðgerðir er viðbúið að einstakar landbúnaðarminjar fari undir lón og verði fyrir raski innan framkvæmdasvæðisins, eru það einkum garðlög, skurðir og landbúnaðaminjar.

#### **6.4 Niðurstaða**

Á framkvæmdatíma verður rask áberandi á framkvæmdasvæðinu. Áhersla er lögð á að svæðið verði látið gróa aftur upp með staðargróðri og lagað að aðliggjandi landi eins og kostur gefst. Hugað verður að hönnun bygginga á svæðinu svo að þær falli sem best að landi s.s. með efnis- og litavali. Friðlýstar fornminjar eru í Þorvaldsdal og samráð hefur þegar verið haft við Minjastofnun Íslands og tekið tillit til umsagna Minjastofnunar. Stíflumannvirki, pípa og vegur hafa verið færð vegna fornminja á svæðinu. Það rask sem verður við framkvæmdina verður komið í samt horf við lok framkvæmda eins og unnt er. Með uppbyggingunni mun afhendingaröryggi raforku á svæðinu aukast. Því er ekki talið að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þegar litið er til viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.


## 7 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagið verður kynnt og auglýst. Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Fiskistofa
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Rarik
- Landeigendur
- Vegagerðin
- Míla

### 7.1 Skipulagsferlið

Deiliskipulagstillaga verður kynnt og auglýst skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:



## VIÐAUKI 1 - FORNLEIFASKRÁNING

### Stærri-Árskógur 3247-1 – Elstivegur

Leið eða gata, göturnar liggja frá suðvestri til norðausturs, frá Þorvaldsdalsá og í áttað Stærri-Árskógi.

### Stærri-Árskógur 3247-2 – Ystulágargarður

Fjögur garðlög, tvö hvoru megin vegar. Garðlögin eru algróin, sér í lagi lyngi, og víða hlaupin í þúfur. Garðlögin eru nokkuð greinileg þótt þau séu fornleg.

### Stærri-Árskógur 3247-3 – Varða

Um er að ræða nokkra stóra steina í hrúgu á hæsta punkti melhólsins sem líklega eru leifar vörðu.

### Stærri-Árskógur 3247-4 – Varða

Steinar eru mosagrónir og að miklu leyti kringlóttir, sér í lagi í miðju vörðunnar. Varðan er alveg hrunin.

### Stærri-Árskógur 3247-5 – Varða

Vörðubrotið samanstendur af nokkrum stórum steinum í grunnfleti og einum stein þar ofan á. Grunnflötur er vel gróinn mosa og er grjót allt fléttuvaxið.

### Stærri-Árskógur 3247-6 – Varða

Varðan samanstendur af nokkrum stórum steinum í grunnfleti og er hún alveg hrunin.

### Stærri-Árskógur 3247-7 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Slitrótt garðlag sem hefst um 40 m austur af Þorvaldsdalsá. Garðlagið er algróið en gróður er ólíkur eftir því hvar garðlagið er í landslaginu. Það er þannig meiri mólendisgróður á garðlaginu þar sem það er næst ánni og mólendi er í kring en nær eingöngu gras á því þar sem það liggur um votlendi milli melhólanna. Garðlagið eru nokkuð greinilegt þótt það sé fornlegt og sokkið.

### Stærri-Árskógur 3247-8 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Garðlag sem liggur frá norðvestri um 50 m austur af Þorvaldsdalsá. Garðurinn er mjög þýfður og ógreinilegur nyrst en verður greinilegri til suðurs. Hann er mjög vel gróinn grasi, mosa og lyngi.

### Stærri-Árskógur 3247-9 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Tóft sem er mikið hlaupin í þúfur, grasi- og lyngi vaxin og samlöguð umhverfinu.

### Stærri-Árskógur 3247-10 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Tóftin sem er mjög sokkin og samlöguð umhverfi sínu. Á tóftinni er ekkert op að sjá og á henni vex gras, mosi og lyng. Einnig er á henni töluvert af víði. Á tóftinni er op til vesturs.

### Stærri-Árskógur 3247-11 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Lítil tóft sem liggur norðaustur/suðvestur. Op er til austurs við norðausturhorn tóftarinnar. Tóftin er mjög gróin lyngi og frekar sokkin.

### Stærri-Árskógur 3247-12 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Í skráningarskýrslunni frá 2004 voru skráðar minjar gerðis, mögulega kálgarðs, sunnan í hólum um 40-50 m sunnan við túngarð [3247-7]. Viðkomandi minjar fundust ekki við skráninguna 2024.

**Stærri-Árskógur 3247-13 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Í skráningarskýrslunni frá 2004 var skráð einhvers konar upphækkun vestan í hól um 40 m suðvestan við túngarð [3247-7]. Viðkomandi minjar fundust ekki við skráninguna 2024.

**Stærri-Árskógur 3247-14 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tóft sem liggur norðaustur/suðvestur, er vel greinanleg, stórgerð og gróf með djúp hól og þykka vegg og vel gróin grasi og lyngi. Á henni er op til norðausturs en það er eina greinilega opið á tóftinni.

**Stærri-Árskógur 3247-15 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tvískipt tóft sem er opin til suðurs. Tóftin er mjög sigin og gróin og samlöguð umhverfi sínu. Ekki eru merki um grjót í veggjum.

**Stærri-Árskógur 3247-16 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tóftin er lítil og einföld og snýr norður/suður. Op er á tóftinni til norðausturs við suðausturhorn. Tóftin er mjög sigin og sokkin og samlöguð umhverfi sínu.

**Stærri-Árskógur 3247-17 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tóft sem Fornleifavernd ríkisins skráði sem áfasta túngarðinum fannst ekki á vettvangi. Nokkru sunnar var þó skráð áþekkt tóft [3247-18] sem ekki var skráð af Fornleifaverndinni. Af staðsetningum uppmælinga að dæma getur ekki verið um sömu tóft að ræða.

**Stærri-Árskógur 3247-18 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tóft í þýfðum móa og gegnir túngarðurinn hlutverki vesturveggjar hennar. Tóftin er líklega aðhald og er utanmál um 8x5 m, sé vesturhlið túngarðsins tekin sem ytri veggjarlína. Op er til suðausturs. Aðhaldið er mjög gróið grasi, mosa og lyngi og samlagað umhverfi sínu en þó vel greinilegt.

**Stærri-Árskógur 3247-19 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tóft sem stendur á því sem mætti kalla meginminjapýrpinguna á Þórhallsstöðum. Valllendi er í kringum tóftina en tóftin sjálf er yfirgróin af elftingu. Mjög erfitt er að greina vegg tóftarinnar þar sem elfting liggur eins og frumskógur yfir henni. Nyrsta rými tóftarinnar er þó greinilegt og víðast er hægt að áætla útmörk tóftarinnar nokkuð örugglega.

**Stærri-Árskógur 3247-20 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Bæjartóftin á Þórhallsstöðum, stendur á dálitlum hól ofan á náttúrulegum hól. Gera má ráð fyrir að einhver mannvistaruppsöfnun sé undir bæjartóftinni, þ.e. að hóllinn rétt umhverfis hana sé bæjarhóll. Allt svæðið er mjög gróið og erfitt að ákvarða útlínur.

**Stærri-Árskógur 3247-21 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tóft sem er á kafi í gróðri og mjög erfitt að greina minjar. Svæðið hallar eilítið niður mót norðvestri. Tóftin er einföld og nær ferhyrnd. Ekki sjást nein merki um op enda allt mjög óglögg vegna gróðurs.

**Stærri-Árskógur 3247-22 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Ekki voru áberandi meiri merki um minjar á þessu svæði en öðrum á hólnum, en mjög mikill gróður var á svæðinu og erfitt að greina þúfur og gróður frá mögulegum minjum. Hugsanlegt er að minjar sé að finna meira og minna á öllum hólnum.

**Stærri-Árskógur 3247-23 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tóft skammt norðan við bæjartóft [3247-19]. Tóftin fannst ekki við skráningu, en gríðarlega mikill gróður var á svæðinu og mögulegt að hún leynist undir honum.

**Stærri-Árskógur 3247-24 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Tóftin er mjög gróin og vegna gróðurs er aldur tóftarinnar nokkuð afstæður. Miðað við veggjahæð inni í tóftinni þar sem hún er hæst um 1,2 m mætti ætla að hún sé ekki sérlega gömul.

**Stærri-Árskógur 3247-25 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Djúpur brunnur og líklega rennur í hann vatn úr mýrlendinu í kring. Það er dæld niður að brunninum í grasinu og hann er ábyggilega um 2 m djúpur.

**Stærri-Árskógur 3247-26 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Garðlag sem er nokkuð ógreinilegt en gæti verið náttúrulegt fyrirbæri, með opi til suðurs. Utan við austurlangvegginn er eins og stungið hafi verið niður með veggnum. Stórar þúfur eru innan garðs og garðlagið er algróið grasi, mosa og lyngi.

**Stærri-Árskógur 3247-27 – Þórhallsstaðir/Þórhallakot**

Um er að ræða útihúsasamstæðu þar sem greina má m.a. fjárhús og hlöður. Líklega eru tvær kynslóðir fjárhúss og hlöðu sem mynda suðurrýmin annars vegar og miðrýmin hins vegar, en nyrsta rýmið er óskipt og gæti verið annars konar skepnuhús eða geymsla. Op er á nyrsta rýminu við norðausturhorn til austurs og einnig er op á syðsta rýminu til austurs.

**Stærri-Árskógur 3247-28 – Heystæði**

Einföld tóft sem snýr norðnorðaustur/suðsuðvestur. Utanmál tóftarinnar er um 7x4 m og er op á henni til norðurs.

**Stærri-Árskógur 3247-28 – Gata**

Leiðin er greinileg á tveimur köflum innan skráningarsvæðisins, annars vegar á um 350 m kafla skammt norðaustan Hávarðarstaða nyrðri og hins vegar á um 100 m löngum kafla nyrst á bæjarstæði Hávarðarstaða syðri. Víðar má sjá hugsanlegar götur, en einungis voru skráðar þessar greinilegustu sem hluti af leiðinni.

**Stærri-Árskógur 3247-30 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Garðlagið er að jafnaði frekar greinilegt en þó hlaupið í þúfur og gróið grasi, mosa og lyngi en meirihluti garðlagsins er lyngi gróinn. Nyrsti partur garðlagsins er meira sokkinn en syðri hlutinn og erfiðara að greina þann part þar sem hann er ansi samlagaður umhverfi sínu.

**Stærri-Árskógur 3247-31 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Tóftin sem er sokkin og gróin grasi, mosa og ljóslappa, en nokkuð greinileg. Hún er einföld og u-laga, snýr suðsuðaustur/norðnorðvestur.

**Stærri-Árskógur 3247-32 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Sokkið garðlag sem myndar horn (L-laga), sem er orðið samlagað umhverfi sínu og þúfuhlaupið. Vel er mögulegt að um náttúrumyndun sé að ræða.

**Stærri-Árskógur 3247-33 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Þessi þúst var ekki greinanleg á vettvangi 2024. Hugsanlega er hér um sömu ójöfnu í landslaginu að

ræða og [3247-32], en þar sem túlkun er mjög ólík, þúst annars vegar og garðlag hins vegar, verður það látið liggja á milli hluta og þetta skráð undir tveimur númerum.

**Stærri-Árskógur 3247-34 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Tóftin er þriggja/fjögurra hólfa, liggur vestsuðvestur/austnorðaustur, stórgerð og mjög gróin. Utanmál er um 11x11,5 m. Þrjú hólfi eru samtengd „innandyr“ og eitt hólfi er utanálíggjandi á tóftinni norðanverðri, með op til vesturs.

**Stærri-Árskógur 3247-35 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Tóftin snýr suðsuðaustur/norðnorðvestur og er op á henni til suðurs. Hún virðist tvískipt og er opið á milli hólfa, minna hólfi fyrir innan. Syðra hólfið (það ytra) er mjög greinilegt en það nyrðra er eins og þúst með smá dæld.

**Stærri-Árskógur 3247-36 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Einföld tóft, op er frekar óljóst en hefur líklega verið á suðvesturhorni. Tóftin snýr suðaustur/norðvestur.

**Stærri-Árskógur 3247-37 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Einföld tóft, eiginlega eins og upphækkun með dæld í miðjunni, og gæti hugsanlega verið náttúruleg.

**Stærri-Árskógur 3247-38 – Hávarðarstaðir (nyrðri)**

Einföld tóft, um 6x4,5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Op er við norðvesturhorn til vesturs. Tóftin er vel gróin grasi, mosa og ljónslappa.

**Stærri-Árskógur 3247-39 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Garðlag sem er vel greinanlegt næst ánni, stórt og breitt og vel gróið lyngi, víði og eini. Á einum stað í garðlaginu á þessum kafla er stór steinn. Stöku fjárgata liggur yfir garðlagið og lækurinn slítur það í sundur á 2-3 stöðum.

**Stærri-Árskógur 3247-40 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Garðlag og er annar búturinn er tæplega 12 m langur og liggur norðvestur-suðaustur frá garðlaginu og er sá hluti greinilegri, hinn er um 9,5 m langur og liggur suðvestur/norðaustur frá garðlaginu.

**Stærri-Árskógur 3247-41 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Mjög ógreinileg þúst og gæti hæglega verið náttúrumyndun. Innra byrði var ekki nægjanlega greinilegt til að hægt væri að mæla það upp.

**Stærri-Árskógur 3247-42 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Einföld tóft og ekkert op greinanlegt á henni. Hugsanlega er þetta garður frekar en tóft en veggir eru mjög signir og grónir.

**Stærri-Árskógur 3247-43 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Garðlagið sem er um 20-40 cm hátt og gæti afmarkað til austurs rými á milli áður nefndra tófta. Gæti þá hafa verið op til vesturs.

**Stærri-Árskógur 3247-44 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Einföld tóftin sem snýr norður/suður og er sign og gróin. Op er líklega til vesturs við norðurgafi.



**Stærri-Árskógur 3247-45 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Veggir eru almennt vel grónir, grasi og mosa eins og tóftin öll, einungis um 20-50cm háir og 1,2 m breiðir. Nyrsta hólfið er ógreinilegast og ekki hægt að merkja op á því. Úr miðhólfinu virðist vera op til vesturs og úr syðsta hólfinu til suðausturs.

**Stærri-Árskógur 3247-46 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Bæjarhóll sem ekki er hár en greinanlegur. Á hólnum eru meint híbýlatóft [3247-45] og tvær dældir [3247-47 og 48] sem gætu verið merki um minjar í hólnum. Hóllinn, og minjarnar á honum, eru nokkuð grænni en gróðurinn umhverfis.

**Stærri-Árskógur 3247-47 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Austan í meintum bæjarhól Hávarðarstaða [3247-46] er dæld innan við 1 m austur af híbýlatóft [3247-45]. Dældar og er hlutverk hennar óljóst en hún gæti verið merki um minjar í bæjarhólnum. Dældin er græn og gróin grasi og mosa.

**Stærri-Árskógur 3247-48 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Sunnan í meintum bæjarhól Hávarðarstaða [3247-46] er dæld um 2 m suður af híbýlatóft [3247-45]. Hlutverk dældarinnar er óljóst en hún gæti verið merki um minjar í bæjarhólnum. Dældin er græn og gróin grasi og mosa.

**Stærri-Árskógur 3247-49 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Tóft sem er mjög sigin og gróin grasi, mosa og ljónslappa.

**Stærri-Árskógur 3247-50 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Einföld tóft sem snýr austur/vestur og er opin til vesturs. Tóftin er mjög sigin og gróin, sér í lagi lyngi.

**Stærri-Árskógur 3247-51 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Tóft á háum hól sem nær yfir nær allan háhólinn og snýr norður/suður. Ekkert op er greinanlegt og ytri lína veggja er oft ógreinileg enda er tóftin mjög gróin og sigin.

**Stærri-Árskógur 3247-52 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Garðlagið er einfalt, mögulega einhvers konar aðhald eða garður um matjurtagarð, um 5x6 m að utanmáli. Ekkert greinilegt op er á því og grjót sést ekki í veggjum nema einn stór steinn er í suðausturhorni.

**Stærri-Árskógur 3247-53 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Tvöföld tóft sem snýr norðnorðaustur/suðsuðvestur. Ekkert ytra op er greinanlegt en opið er á milli rýmanna tveggja. Syðra rýmið er talsvert minna og hugsanlega gæti verið um fjárhús og hlöðu að ræða, syðra rýmið væri þá hlaðan. Ekkert grjót sést í veggjum. Tóftin er vaxin grasi, mosa og ljónslappa.

**Stærri-Árskógur 3247-54 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Tóft sem er mjög græn og gróin og sú mest áberandi á svæðinu. Tóftin er fjórskipt og virðast rýmin ekki öll vera af sömu kynslóð. Yngst eru fjárhús (fyrir miðju) og hlaða (nyrst), eldri en það eru tvö rými syðst, nokkuð ógreinileg. Hlaðan hefur orðið fyrir raski af völdum Þorvaldsdalsvegarins. Fjárhúsið er nokkuð greinilegt og þar er grjót í veggjum, sem og í garðanum.

**Stærri-Árskógur 3247-55 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Einföld tóft sem snýr norðvestursuðaustur, op er til norðvesturs. Huganlega hefur verið tekið torf í tóftina norður af henni, þar er dálítil slétt dokk.

**Stærri-Árskógur 3247-56 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Einföld tóft sem er ílöng og snýr norðnorðvestur/suðsuðaustur. Utanmál er um 4,5x9 m. Op er til suðurs við suðausturhorn. Tóftin er sigin, samfallin og algróin grasi, mosa og ljónslappa. Ekki sést í grjóti í veggjum.

**Stærri-Árskógur 3247-57 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Tóftin sem er þrískipt, sigin og sokkin, um 8x8,5 m að utanmáli. Líklega er um seltóft að ræða þar sem kvíar eru fast norðan hennar. Tóftin er algróin og einungis sést í einn stein í veggjum hennar, sem líklega eru að mestu úr torfi.

**Stærri-Árskógur 3247-58 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Mógrafir sem eru vel uppgrónar en kantar enn víða beinir og greinilegir. Grafirnar eru blautar vestast en víðast hvar þurrari.

**Stærri-Árskógur 3247-59 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Tóft sem er með norðurendann upp í smá halla, en suðurendinn er á sléttu. Tóftin er einföld og lítil, með op til suðurs, inn dalinn.

**Stærri-Árskógur 3247-60 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Ekki sáust greinileg merki um minjar á staðnum en vegna fyrri skráningar er svæðið hér skráð sem heimild um hugsanlegar minjar.

**Stærri-Árskógur 3247-61 – Hávarðarstaðir (syðri)**

Garðlag sem að sunnanverðu er mjög sokkið og gróið grasi og mosa.

**Stærri-Árskógur 3247-62 – Þúst**

Þúst sem er um 6,5x4 m að utanmáli en ekki er hægt að greina neina rýmaskipan að innan, eða breidd veggja. Ytri mörk veggjanna eru þó frekar skýr. Hugsanlega gæti þústin verið náttúruleg en hún sker sig ansi mikið úr umhverfinu.

**Stærri-Árskógur 3247-63 – Hleðsla**

Breið hleðsla, um 2,5 m á breidd, en einungis um 30 cm á hæð, liggur í norðvestur-suðaustur yfir mýrlent svæði á ská frá Þorvaldsdalsvegi og norður að lækjarfarvegi.

**Stærri-Árskógur 3247-64 – Tóft**

Tóftin er lítil og einföld, snýr austurvestur og opin til vesturs. Utanmál tóftarinnar er um 4x3,5 m. Tóftin er annað hvort aðeins niðurgráfin eða hefur sigið vegna vatns í jarðvegi, en aðeins er stigið niður þegar farið er inn í hana.

**Stærri-Árskógur 3247-65 – Garðalag**

Garðlag sem er óljóst og sigið með skil í miðjunni sem bendir til hás aldurs. Garðurinn liggur norður/suður og er einungis um 10-30 cm hár og um 1 m breiður, gróinn grasi og mosa.

**Grund 3247-66 – Tóft**

Tóft sem er einföld og virðist standa á hól sem gæti innihaldið einhverja mannvistaruppsöfnun, a.m.k. virðist geta verið eitthvað eldra sem kíkir undan veggjum og teygir sig út fyrir tóftina, sér í lagi til suðurs.

**Grund 3247-67 – Tóft**

Tóft sem er mjög lítil, einungis um 3,5x2,5 m að utanmáli og myndar hólraninn norðurhlið hennar. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er op á henni til suðurs við suðausturhorn.

**Grund 3247-68 – Tóft**

Tóftin er einföld og ekkert sýnilegt op er á henni. Tóftin er algróin grasi, mosa og lyngi en það finnst móta fyrir grjóti í henni miðri, líklega er þar um veggjahrun að ræða. Ekkert grjót er í umhverfinu. Tóftin er nokkuð uppbyggð og útlínur eru allar greinilegar.

**Grund 3247-69 – Mógröf**

Beinir bakkar í mýrlendinu benda til mógrafa þótt sérstakt sé að lækur rennur í gegnum svæðið sunnanvert. Mjög gróið er ofan í niðurgreftinum og í raun ekki mjög mógrafalegt.

**Grund 3247-70 – Mógröf**

Mógröf sem er einungis um 3,5x2,5 m að umfangi. Hún er mun blautari en stærri gröfin en mun grynri, um 40 cm djúp, og vex í henni mýrargróður.

**Grund 3247-71 – Katrínarvað**

Katrínarvað er þar sem Þorvaldsdalsá rennur í dálitlum hlykk norðan Grundarness. Áin skiptir sér þarna í tvennt og er lítil eyja á milli farveganna. Vaðið var líklega þar sem áin skiptir sér að sunnanverðu, en nákvæm staðsetning er ekki augljós þar sem greinilegar götur virðast ekki liggja að því.

**Grund 3247-72 – Garðalag**

Megingarðlag er um 1,5 m breitt og 23 m langt og liggur vestunorðvestur/austsuðaustur. Garðlagið er mjög greinilegt, um 1 m hátt, og norðan við það, nær ánni, er dokk sem er um 1-1,5 m breið og niðurgrafin. Á norðanverðu Grundarnesi, um 18 m suður af ánni þar sem hún hlykkjast og rennur frá austri til vesturs, er stórgert garðlag á sléttu, nokkuð röku graslendi. Vestan við það eru tveir minni garðbútar.

**Grund 3247-73 – Ingiríðarvað**

Ingiríðarvað er á þeim kafla Þorvaldsdalsárinnar þar sem hún rennur næst Þorvaldsdalsvegi austan megin, vestan við áveitusvæðið á Grundarnesi. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt.

**Grund 3247-74 – Áveita**

Austur og niður af bæjarstæði Grundar má þar finna víðáttumikla áveitugarða sem ná yfir um 200x240 m stórt svæði. Hugsanlegt er að svæðið sem áveitan hafði áhrif á sé nokkuð víðfeðmara.

**Grund 3247-75 – Garðalag**

Garðalag sem virðist vera neðan við tún Grundar eins og það er teiknað á túnakorti frá 1917 og var ekki skráður sem hluti af túngarði Grundar við skráninguna 2003, því verður hann ekki túlkaður sem túngarður hér. Hugsanlegt er að hann tengist áveitunum á Grundarnesi.

**Grund 3247-76 – Húsvað**

Vað á Þorvaldsdalsá. Vaðið er ekki árennilegt, en áin var mjög vatnsmikil þegar skráningin fór fram. Nokkuð ljóst þykir hvar vaðið var á ánni.

**Grund 3247-77 – Tóft**

Tóft sem er sigin og sokkin, veggir eru um 20-50 cm háir, hæstir að sunnanverðu en lægstir að norðanverðu, og um 1 m breiðir. Tóftin er gróin grasi, utanmál hennar er um 15x10 m og ekkert op er sjáanlegt á henni.

**Grund 3247-78 – Garðlag**

Garðlag sem er gróið grasi að mestu en stór í mýrinni. Vik eru í garðlagið á tveimur stöðum neðarlega.

**Grund 3247-79 – Garðlag**

Garðlag sem liggur í hlykkjum norðnorðvestur/suðsuðaustur og er nokkuð sigið. Veggjahæð er um 30-50 cm og breidd er mest um 1,8 m efst til norðnorðvesturs, en að jafnaði mjórri. Garðlagið er gróið grasi, mosa og ljónslappa. Hlutverk er óljóst.

**Grund 3247-80 – Tóft**

Tóftin er nokkuð stór og einföld. Utanmál er um 8x6,5 m og op virðist geta verið til vesturs við norðvesturhorn. Þúfur eru inni í tóftinni og er hún vel gróin grasi, mosa og lyngi.

**Stærri-Árskógur 3247-81 – Kirkja**

Vísbendingar eru í heimildum um kirkju á Þórhallsstöðum en ekkert er vitað um huganlega staðsetningu hennar og engar minjar þóttu líklegar kirkjuminjar, því eru þessar minjar án staðsetningar.